


# SÖGUEYJAN



## 3. HEFTI



1900

–

2010

KENNSLULEIÐBEININGAR

# TIL KENNARA

## Um nemendabók

Sögueyjan 3. hefti er margnota nemendabók sem fjallar um Íslandssögu 20. aldar. Bókin er ætluð til kennslu á unglingsstigi grunnskóla og er hún hluti af þriggja binda ritröð um sögu Íslands. Fyrsta heftið kom út árið 2009 og fjallaði það um sögu Íslands frá 870–1520. Annað hefti kom út árið 2010 og fjallar það um sögu Íslands frá 1520–1900.

- Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag á 20. öld. Frásögnin byggist á tveimur ólíkum forsendum sem þó skarast að miklu leyti.
- Annars vegar er gerð grein fyrir þróun íslensks samfélags í rétttri tímaröð.
- Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og útskýrðir. Bókin er því að mestu í rétttri tímaröð en tímabil hvers kafla markast þó mjög af viðfangsefninu.

Í bókinni er leitast við að draga upp megin Einkenni og áttakalínur í samfélaginu á hverjum tíma fyrir sig. Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar um leið og þeir átti sig á samhengi tiltekinna samfélagsþátta. Aðalatriðið er að veita skýra innsýn í samfélag 20. aldar þar sem nemendur geta áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Einstakir atburðir, ártöl og mannanöfn, skipta því tiltölulega litlu máli einir og sér. Hér er sú leið valin að skilgreina einstaka þætti sögunnar og setja þá í samhengi við samfélagslega þróun.

Áhersla er lögð á að setja söguna í erlent samhengi eftir því sem við á. Ísland hefur alltaf tengst Evrópu nánnum böndum og því er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim áhrifum sem þaðan bárust. Á 20. öld urðu Íslendingar jafnframt fyrir miklum áhrifum frá Bandaríkjunum. Mikilvægt er að nemendur átti sig á að hvaða leyti Íslendingar áttu samleið með Vesturlöndum og hvaða lönd þeir áttu mest samskipti við.

Nemendur þurfa að þekkja helstu atburði sögunnar og geti sett þá í samhengi við samfélagið á hverjum tíma. Einnig er nauðsynlegt að þeir temji sér gagnrýna hugsun og sjálfstæðar skoðanir. Reynt er að tvíanna þessa þætti saman í námsbók og kennsluleiðbeiningum.

Kaflar bókarinnar eru byggðir upp með eftirfarandi hætti:

- Í upphafi eru nokkrar meginspurningar settar fram sem víkja að efni kaflans. Þar næst er farið nokkrum orðum um innihald kaflans. Hvort tveggja er gert til að vekja förvitni nemenda og veita þeim skýrar hugmyndir um efni kaflans.
- Þá kemur kveikja í formi stuttrar sviðsettrar frásagnar þar sem meginefni kaflans er sett fram á lifandi og myndrænan hátt. Með því móti er leitast við að glæða áhuga og skilning nemenda enn frekar.
- Þá fyrst kemur að meginfrásögninni þar sem fjallað er um efni kaflans í tímaröð.
- Í lok kaflans er að finna nokkrar spurningar sem nemendur geta glímt við.



## Um kennsluleiðbeiningar

### 1. Almennar upplýsingar

Kennsluleiðbeiningar skiptast í tvo meginþætti – annars vegar almennar upplýsingar undir liðnum „Til kennara“ og hins vegar leiðarvísi fyrir einstaka kafla námsbókar. Þær hafa það hlutverk að varpa ljósi á meginþætti hennar og benda á leiðir til að nýta hana til kennslu og náms. Í þeim texta sem hér kemur fram (Til kennara) er að finna upplýsingar sem eiga við bókina í heild sinni. Þar er greint frá helstu markmiðum bókar og kennsluleiðbeininga auk þess sem fjallað er um kennsluaðferðir og námsmat. Þar næst er að finna upplýsingar um vettvangsferðir og krækjur sem tengjast efni bókarinnar. Að lokum eru settar fram tvær hugmyndir að námsmatsblöðum, annað fyrir foreldra og hitt fyrir kennara.

### 2. Leiðarvísir um kafla bókarinnar

Á kennsluleiðbeiningavefnum með Sögueyjuni 3 hefur hver kafli bókarinnar sinn hnapp. Þar er að finna helstu markmið kaflans og hugmyndir að umræðuspurningum sem eiga að fá nemendur til að skoða hug sinn og beita ímyndunaraflinu áður en texti námsbókar er lesinn. Þar má einnig finna hugmyndir að fjölbreyttum verkefnum og útfærslum á efni kaflans. Þar er um að ræða ritunar-, myndmennta-, korta-, tímaás- og leiklistarverkefni sem reyna jafnt á sjálfstæða hugsun og fjölbreytilega framsetningu. Þau verkefni gefa kennurum gott tækifæri til samstarfs í nafni samþættingar námsgreina. Þar má sérstaklega geta kennslu í samfélagsfræði, íslensku og myndmennt.


Sú leið hefur verið valin að hafa verkefnið frekar fleiri en færri enda ekki nauðsynlegt að láta nemendur vinna þau öll. Markmiðið er að kennarinn hafi sem mest val auk þess sem hann getur betur miðað við getu og þarfir hvers nemanda. Þá ætti að vera auðveldara að tryggja að allir nemendur hafi næg verkefni. Á sérstökum hnapp á kennsluleiðbeiningarvefnum er hægt að prenta allar kennsluleiðbeiningarnar með einni prentskipan.

Á kennsluleiðbeiningavefnum er einnig að finna sérstakan hnapp fyrri verkefnablöð með spurningum sem hægt er að prenta út fyrir nemendur. Með spurningunum er markmiðið að hvetja nemendur til að kynna sér námsefnið, velta fyrir sér meginatriðum þess og byggja upp söguþekkingu sína. Svör við verkefnum er einnig að finna á á læstu svæði kennara inni á vef Námsgagnastofnunar.

Hugmyndir um námsmat byggjast á sömu hugmyndafræði og kaflaverkefni. Áhersla er lögð á fjölbreytilegt og reglulegt námsmat sem endurspeglar þá fjölbreytni sem kemur fram í þeim verkefnum sem finna má á þessari vefsíðu.

## Kennsluaðferðir

Mikilvægt er að bjóða nemendum upp á margvíslegar leiðir til að vinna með efni bókarinnar. Í krækjum fyrir einstaka kafla eru hugmyndir að spurningum og verkefnum þar sem ólíkum nálgunum er beitt. Gert er ráð fyrir að kennarar finni sína eigin aðferð við að koma efninu til skila enda eru leiðbeiningarnar fyrst og fremst safn hugmynda. Kennarar hafa þann kost að velja úr því sem þar er eftir því sem við á fyrir bekk eða einstaka nemendur. Með því er verið að reyna að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.



Mælt er með því að kennarar ræði efni kaflans ásamt nemendum áður en þeir vinna með hann. Kennari getur valið milli þess að fara munnlega yfir spurningarnar eða að skrá hugmyndir sem koma frá nemendum á töflu. Það er auðvitað ekki nauðsynlegt að fara yfir allar spurningarnar en aðalatriðið er að virkja nemendur og fá þá til að velta fyrir sér viðfangsefni kaflans áður en þeir kynna sér efni hans.

Spurningar í lok hvers kafla og vinnublöðin byggjast á lestri nemenda. Það er auðvitað engin nauðsyn að láta nemendur svara þeim öllum – slíkt verður kennari að meta hverju sinni. Þá getur kennari valið um að nemendur svari þeim hver fyrir sig eða fleiri saman.

Ritunarverkefni geta jafnt verið heima- eða tímavinna nemenda. Hægt er að velja á milli þess að nemendur vinni þau hver fyrir sig eða fleiri saman. Það er til dæmis vel til fallið að láta nemendur setja saman fréttir úr efni kaflans í pörum eða í hópum.

Myndmenntaverkefni eru tilvalin hópverkefni – sérstaklega þegar um veggspjaldagerð er að ræða. Hægt er að láta nemendur skipta með sér verkum. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að útvíkka teikniverkefni – til dæmis með ritun eða fleiri spurningum.

Korta- og tímaásverkefni geta jafnt verið heima- sem tímaverkefni. Ekki er úr vegi að láta nemendur vinna upp úr fleiri heimildum en námsbókinni. Jafnt getur verið um einstaklings- sem hópverkefni að ræða.

Þegar hópverkefni eru unnin er mikilvægt að kennari setji nemendum skýrar leikreglur svo þeir viti nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim. Ágæt regla er að setja hópunum gátlista sem þeir þurfa að vinna sig eftir. Þá er einnig gott að hóparnir skipuleggi sig þannig að ábyrgð hvers nemanda sé ljós. Gott er að hafa eftirfarandi þætti í huga þegar gátlisti er settur saman:


1. hvaða heimildir nemendur eiga að kynna sér
2. úr hvaða spurningum nemendur þurfa að leysa
3. hvernig þeir eiga að setja efnið fram
4. hvernig þeir eiga að skipta með sér verkum
5. hvernig þeir eiga að kynna verkefnið.

## Námsmat

Mikilvægt er að námsmat sé fjölbreytilegt og endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Þannig má í senn ýta undir fjölbærni og virða ólíkar þarfir nemenda.

Með því að nýta þau fjölbreyttu verkefni sem finna má fyrir hvern kafla bókarinnar er tryggt að nemendur nálgast efnið frá mörgum sjónarhornum. Jafnframt er þess gætt að þeir fái tækifæri til að tjá hug sinn og þekkingu á mismunandi vegu.

Gott er að leggja reglulega mat á vinnu nemenda. Það hvetur þá til dáða og veitir mikilvægar upplýsingar um framvindu námsins. Þá ættu nemandi og kennari að átta sig sem best á námsstöðunni og þar með vera í stakk búnir til að haga námi og kennslu eftir þörfum hverju sinni.



Nauðsynlegt er að ákveða fyrir fram hvernig standa skuli að námsmati fyrir veturinn. Kennarar þurfa að koma sér upp skýru matskerfi og gera nemendum grein fyrir því í upphafi skólaárs. Mikilvægt er að skrá frammistöðu nemenda með reglubundnum hætti þegar símat fer fram.

Kennarar geta valið að byggja námsmatið á markmiðum og verkefnum bókarinnar. Þá er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu fyrir kennara að setja fram eigin markmið.

Einnig er gott að láta nemendur meta eigin frammistöðu. Það styrkir oft ábyrgðarkennd þeirra og leiðir til aukinnar vinnusemi. Þegar nemandi veltir eigin getu og frammistöðu fyrir sér fær hann tækifæri til að vega og meta sínar sterku og veiku hliðar.

Í hópstarfi má láta nemendur meta frammistöðu samnemenda sinna. Með því að láta nemendur fá matsblað í upphafi samstarfs má frekar búast við að meðlimir hópsins leggi sig fram.

Þegar kennari metur stærri verkefni nemenda, hvort sem um einstaklings- eða hópverkefni er að ræða, er sjálfsagt að taka tillit til sem flestra þátta. Leggja má mat á traustleika upplýsinga, framsetningu efnis, útlit og frágang og kynningu. Þá ber einnig að hafa í huga mat á vinnu einstakra nemenda annars vegar og hópsins í heild hins vegar.



# HUGMYNDABANKI – HVERNIG ER HÆGT AÐ VINNA MEÐ EFNID?

## Ritun

- Minningagrein – nemendur skrifa minningagrein um persónu.
- Æsifrött – nemendur skrifa frétt af völdum atburði.

## Upplýsingatækni

- Nemendur semja frétt um atburð og taka hana upp á myndband (video frétt/taka upp og vinna með í upplýsingatækni, samþætting).
- Hot potato er safn nokkurra forrita sem notuð eru til að búa til krossapróf, eyðufyllingaverkefni, krossgátur o.þ.h. <http://hotpot.uvic.ca>
- Power point – örkennsla, samvinnunám.  
Nemendur fá eina til tvær opnur af handahófi úr bókinni og eiga að draga saman aðalatriðin á 2–3 glærur (Powerpoint). Vinnan ásamt örkynningu fyrir bekkinn á að taka um 80 mín.
- Publisher – búa til bækling (kynning á e-i persónu, t.d höfðingja sbr. frambjóðendur í dag) veggapjald, boðskort (t.d. á blót eða á þing).
- Myndvinnsla – stafrænar myndir (sjá útikennsla).
- Stuttmyndir – (movie maker – imovie) – nemendur þurfa að búa til sitt eigið handrit.
- Hreyfimyndir (animation – istop) – hóp er úthlutað efni eða kafla úr bókinni. Nemendur þurfa að búa til sitt eigið handrit að hreyfimyndinni.
- Comic life (myndasaga í Mac) – nemendur taka stafrænar myndir og búa til myndasögu.

## Útikennsla

- Nemendur fá úthlutað eða velja sér atburð úr bókinni. Þeir fá myndavél og þurfa að fara í nærumhverfi skólans og leika atburðinn og taka myndir um leið. Myndirnar er hægt að prenta beint út og líma á veggspjald, þar sem útlitið á því er miðað að einhverju leyti við myndasögur/teiknimyndasögur. Einnig er hægt að vinna myndirnar meira í Photoshop eða á Mac tölvur en það fer eftir tíma og þekkingu kennara/nemenda.

## Leikræn tjáning

- Uppstilling/stillimynd – vera t.d. fjölskylda og taka myndir.
- Setja á svið og setja sig í spor vissra hópa eða persóna. Nemendur geta t.d. sett sig í spor kvenréttindakvenna. Þurfa að semja handrit.
- Dægurlagatónlist. Nemendur hlusta á dægurlög fyrri áratuga og semja texta í anda þeirra.



## Heimildavinna/upplýsingatækni

- Efnisöflun á neti og bókasafni. Bókin er knöpp og því er nauðsynlegt að afla meiri upplýsinga um vissa efnisþætti. Nýta tækifærið og minna nemendur á mikilvægi þess að velja heimildir af kostgæfni og að nauðsynlegt sé að minnast á allar heimildir í heimildaskrá.

## Sérfræðihópar

- Nemendum er skipt í hópa og þeir fá visst tímabil/atburð/persónu/annað til að kynna sér og fjalla um fyrir bekkinn og/eða foreldra. Nemendur þurfa að safna heimildum, vinna texta í fyrirlestur og setja upp Powerpoint kynningu. Hægt er að nota margvíslegt mat til að meta vinnuna, s.s. sjálfsmat, jafningjamat, foreldramat og kennaramat.

## Kynningar

- Félag eldri borgara
- Kvenréttindafélag Íslands
- Samtökin '78

## VIÐBÓTAREFNI

(N) vísar til þess að viðkomandi titill fæst hjá Námsgagnastofnun

### Bækur

Árið 1918 (N)  
Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar (N)  
Stríðsárin á Íslandi (N)  
Úr sveit í borg (N)  
Vesturfjarar (N)

### Kvikmyndir

Braggabúar 1–4 (N)  
Gosið og uppbyggingin í Eyjum (N)  
Jón Sigurðsson (N)  
Saga 20. aldar nokkrir þættir ( N)  
Saga Íslands (N)



## Vettvangsferðir – söfn og sögustaðir

Árbæjarsafn	Rjómabúið á Baugsstöðum
Burstafell – Vopnafirði	Safn Rafmagnsveitu Reykjavíkur
Búvélasafnið – Hvanneyri	Safnahús Húsavíkur
Byggðasöfn víða um land	Safnahúsið – Sauðárkróki
Fransmenn á Íslandi – Fáskrúðsfirði	Safnasvæðið – Akranes
Glaumbær – Skagafirði	Saltfisksetur Íslands – Grindavík
Grenjaðarstaðir – Aðaldal	Sauðfjársetrið á Ströndum
Heimilisiðnaðarsafnið – Blönduósi	Sigurhæðir - Akureyri
Kaupfélagssafnið – Hvolsvelli	Síldarminjasafn Íslands - Siglufirði
Keldur – Rangárvöllum	Sjómannagarðurinn Útnesi – Hellissandi
Minjasafn Austurlands – Egilsstöðum	Stekkjarkot – Reykjanesbær
Minjasafn Egils Ólafssonar – Hnjóti	Stríðsárásafnið – Reyðarfirði
Minjasafn um Jón Sigurðsson – Hrafnseyri við Arnarfjörð	Sænautasel
Minjasafnið á Akureyri	Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfirði
Minjasafnið Ósvör – Bolungarvík	Vesturfarasetrið
Myntsafn Seðlabanka Íslands	Víkin – Sjóminjasafn
Nonnahús – Akureyri	Þingvellir
Norska húsið – Stykkishólmi	Þjóðmenningarhúsið
Póst- og símaminjasafnið	Þjóðminjasafn Íslands
	Puríðarbúð – Stokkseyri

## Krækjur

Árbæjarsafn	Minjasafn Egils Ólafssonar – Hnjóti
Heimilisiðnaðarsafnið – Blönduósi	Minjasafnið á Akureyri
Burstafell	Námshagnastofnun
Búvélasafnið Hvanneyri	Nonnahús - Akureyri
Fransmenn á Íslandi	Norska húsið
Fullveldið	Safnahúsið á Húsavík
Glaumbær	Saltfisksetur Íslands – Grindavík
Grenjaðarstaður	Sauðfjársetrið á Ströndum
Heimilisiðnaðarsafnið	Sigurhæðir
Jón Sigurðsson og Hrafnseyri	Síldarminjasafn Íslands
Jón Sigurðsson vefur Forsætisráðuneytisins	Tækniminjasafn Austurlands – Seyðisfirði
Jónshús	Vesturfarasetrið
Kaupfélagssafnið	Víkin – sjóminjasafn
Keldur	Þingvellir
Listi yfir minjasöfn	Þjóðmenningarhúsið
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	Þjóðminjasafn Íslands
Minjasafn Austurlands	Þjóðskjalasafn Íslands



# FORELDRAMAT

Nafn barns \_\_\_\_\_

bekkur: \_\_\_\_\_

Fyrirmæli til nemenda eru alltaf að vanda vinnubrögðin, bæði þegar kemur að innihaldi og frágangi. Því er aðeins hægt að fá hæstu einkunn ef verkefnið fullnægir þeim kröfum.

- Innihald textans þarf að vera á samfelldu og vel skiljanlegu máli og myndskreytingar í samræmi við efnið.
- Frágangur er metinn þannig að verkefnið í heild sé snyrtilegt.

Foreldrar beita sinni einstæðu þekkingu á barni sínu og getu þess til að meta hvort það sé að leggja sig fram og jafnvel að taka framförum. Það er að mörgu að hyggja við mat á verkefnum barna og við kjósum að gagnrýna í merkingunni að rýna til gagns.

Hægt er að fá einkunn á bilinu 1–3 fyrir hvert verkefni.

3	Þarf að vera búíð að klára verkefnið og vinna það mjög vel.
2	Þarf að vera búíð að klára verkefnið.
1	Þarf að vera byrjað á verkefninu.
	Ef ekkert er skráð merkir það að verkefnið hafi ekki verið unnið.

Verkefni	Einkunn	Athugasemdir	Vægi (möguleg stig)
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3
			3

Hefur barnið sýnt námsefninu áhuga? \_\_\_\_\_

Hefur barnið rætt námsefnið heima eða spurt spurninga er tengjast því? \_\_\_\_\_

Finnst þér heimanámið lítið/hæfilegt/mikið? \_\_\_\_\_

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri? \_\_\_\_\_

Stig samtals: \_\_\_\_\_

Stig möguleg = 30

Einkunn: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris: \_\_\_\_\_

dags: \_\_\_\_\_

# MATSLISTI KENNARA

## Lokaeinkunn

Nafn barns \_\_\_\_\_

bekkur: \_\_\_\_\_

Námsmat mun fara fram jafnóðum (símat). Gefin eru stig fyrir hvert verkefni sem lokið er. Hægt er að fá einkunn á bilinu 1–3 fyrir hvert verkefni.

3	þarf að vera búíð að klára verkefnið og vinna það mjög vel.
2	þarf að vera búíð að klára verkefnið.
1	þarf að vera byrjað á verkefninu.
	Ef ekkert er skráð merkir það að verkefnið hafi ekki verið unnið.

Auk þessa meta nemendur vinnu sína í verkefninu á þar til gert blað.

Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	
Verkefni úr bókinni		Verkefni úr bókinni	

Verkefni	Einkunn	Athugasemdir	Vægi %
Meðaltal úr einstaklingsverkefnum (10)			15
Skyndipróf úr hluta bókar			15
Próf með bók/svindlpróf			5
Munnlegt próf úr sérfræðihópavinnu			10
Foreldramat á sýningu og verkefnum			5
Lokapróf úr bókinni			40
Kynning			10

Einkunn: \_\_\_\_\_

Undirskrift kennara: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_

# 1. INNGANGUR

## Markmið

Að nemandi átti sig á:

- þeim umskiptum sem urðu á íslensku samfélagi á 20. öld
- þeim miklu breytingum sem nútímavæðingin hafði í för með sér
- helstu þáttum nútímavæðingarinnar
- hvað átt er við með iðnvæðingu og markaðssamfélagi
- helstu einkennum nútímavæðingar á Íslandi
- hvenær nútímasamfélagið gengur í garð á Íslandi.

## Kennsla

Útskýra þarf fyrir nemendum þau miklu umskipti sem urðu í íslensku samfélagi á 20. öld. Sjálfsgagt er að leiða þeim fyrir sjónir að breytingarnar urðu meiri en í samanlagðri sögu landsins fram að því. Ekki er úr vegi að velta upp þeirri spurningu hvað átt sé við með nútímasamfélagi og hvenær það hafi skotið rótum hérlendis.

Gera þarf nemendum grein fyrir helstu þáttum nútímavæðingar og benda þeim á um hversu róttækar breytingar var að ræða í sögu mannkyns. Um leið má nefna að önnur slík umblytting varð þegar maðurinn hóf að stunda landbúnað. Einnig má ræða um þá byltingu sem varð í árdaga þegar maðurinn náði að beisla eldinn.

Meðal mikilvægustu þátta nútímavæðingar eru iðnvæðingin og tilkoma markaðssamfélagsins. Sjálfsgagt er að segja ítarlega frá þeim þáttum og gera grein fyrir tilkomu þeirra erlendis sem hérlendis.

## Umræður

- Hvað vita nemendur um þær miklu breytingar sem urðu á íslensku samfélagi á 20. öldinni?
- Hvað þarf til svo hægt sé að tala um samfélagslega byltingu?
- Vita nemendur eitthvað um einstaka þætti nútímavæðingarinnar? Hvað dettur þeim í hug þegar þeir heyra hugtakið?
- Hvað dettur nemendum í hug þegar þeir heyra hugtökin iðnvæðing og markaðssamfélag?
- Hver eru helstu einkenni nútímasamfélags í hugum nemenda?
- Hvað hefur breyst til batnaðar með nútímasamfélaginu og að hvaða leyti hefur okkur farið aftur? Ætli fólk sé yfirleitt hamingjusamara í dag en áður var?



## VERKEFNI

### Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður sem hefur upplifað þær miklu breytingar sem urðu með nútímavæðingunni. Skrifðu frétt sem segir frá þessum merku tímamótum eins og þú sérð þau fyrir þér. Nóg er að segja frá þáttum sem tengjasta iðnvæðingunni og markaðssamfélaginu.
- Ímyndaðu þér að þú fái heimsókn frá manni sem ferðast hefur með tímavél. Gesturinn sé frá fyrri öldum og vilji gjarnan vita hvernig heimurinn hafi þróast. Skrifðu frásögn af samskiptum ykkar þar sem fram koma helstu breytingar sem urðu með tilkomu nútímasamfélagsins.

### Myndmennt

- Teiknaðu myndir sem skýra út þær breytingar sem urðu með nútímavæðingunni. Þú getur teiknað myndasýrpu þar sem helstu einkenni hennar koma fram.
- Teiknaðu mynd sem varpar ljósi á þær breytingar sem urðu á Íslandi með tilkomu nútímasamfélags. Þú ræður hvort þú teiknar eina stóra mynd eða myndasýrpu.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

### Tímaás

- Myndræn útfærsla á tímaás sett upp í kennslustofu og atburðir sögunnar smátt og smátt merktir inn á hann um leið og kaflar eru lesnir. Eða að hver nemandi gerir sinn eigin tímaás og merkir inn á hann jafn óðum við lestur bókarinnar. Hugmynd að tímaás er að finna undir verkefnum.

## 2. ÍSLAND IÐNVÆÐIST

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- hvenær og hvernig Ísland iðnvæddist
- hvernig sjávarútvegur tók við af landbúnaði sem mikilvægasta atvinnugreinin
- ástæðum þess að þéttbýli tók að myndast víða um land
- mikilvægi peningahagkerfisins
- þróun sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og verslunar.

### Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir hvenær og hvernig Ísland iðnvæddist. Í því sambandi er mikilvægast að fjalla um vélvæðingu í sjávarútvegi með tilkomu vélbáta og togara. Sjálfsgagt er að gera grein fyrir mikilvægi peningahagkerfisins sem auðveldaði fjárfrekar fjárfestingar og almenn viðskipti.

Útskýra skal fyrir nemendum hvernig þéttbýli þróaðist í takt við iðnvæðinguna. Atvinnutækifæri jukust og verkaskipting varð meiri en áður þekktist. Með nýjum atvinnu- og búsetuháttum bötnuðu lífskjör og landsmönnum fjölgaði meira en áður þekktist.

Benda skal nemendum á að þó vélvæðingin hefði mest áhrif á sjávarútveg héraendis skaut smáiðnaður rótum. Vélvæðing hófst seinna í landbúnaði en bændur nutu þó góðs af aukinni verslun sem markaðshagkerfið hafði í för með sér. Sjálfsþurftarbúskapur fór því minnkandi.

### Umræður

- Hvaða breytingar urðu í sjávarútvegi um aldamótin 1900?
- Hvað er átt við með að sjávarútvegurinn hafi orðið sjálfstæður?
- Af hverju var tilkoma markaðshagkerfisins mikilvæg?
- Hverjar voru forsendur þéttbýlis?
- Hvenær varð iðnaður sjálfstæð atvinnugrein og hvað einkenndi hann?
- Hvaða breytingar urðu í verslun?
- Hvernig þróaðist landbúnaðurinn um og eftir aldamótin 1900?



# VERKEFNI

## Ritun

- Skrifaðu frétt sem segir frá því að Ísland sé að iðnvæðast. Ímyndaðu þér að þú sért fréttaritari fyrir erlent blað.
- Skrifaðu frásögn af fyrstu veiðiferð íslensks vélbáts. Þú ert sjómaður um borð og skráir upplifun þína í dagbók eftir að heim er komið.
- Ímyndaðu þér að þú búir í Reykjavík um aldamótin 1900 og sért í bréfaskiptum við einhvern sem býr í sveit. Skrifaðu sendibréf þar sem þú segir frá þeim breytingum sem urðu með auknu þéttbýli á þessum tíma.
- Skrifaðu blaðagrein þar sem þú segir frá breytingum sem urðu í iðnaði, verslun og landbúnaði um aldamótin 1900. Þú ræður hvort þú skrifar um allar atvinnugreinar þessar eða velur eina eða tvær þeirra.

## Myndmennt

- Teiknaðu mynd af fyrstu veiðiferð vélbátsins Stanley. Þú getur valið á milli þess að teikna myndasýrpu eða eina stóra mynd.
- Teiknaðu mynd að eigin vali sem tengist fjármálaviðskiptum.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu sem sýnir helstu einkenni þéttbýlis um og eftir aldamótin 1900.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu sem tengist íslenskum iðnaði um aldamótin 1900.

## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um þéttbýli sem myndaðist frá því um 1880 til um 1920 og merktu inn á kort. Kort er að finna undir verkefnum.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um fyrirtæki sem stofnuð voru á tímabilinu frá um 1880 til um 1920 og merktu inn á tímaásinn. Form fyrir tímaás er undir verkefnum

## Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt þar sem fyrsta sigling vélbátarins Stanley er til umfjöllunar. Nokkir nemendur geta t.d. leikið áhöfnina en aðrir geta leikið fólk sem fylgist með úr öðrum bátum og frá landi.

## 3. NÚTÍMARÍKI Í MÓTUN

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að sjálfstæði landsins jókst með heimastjórn og fullveldi
- að heimastjórnin stóð fyrir meiri framkvæmdum en áður þekktust
- að á heimastjórnartímanum var lagður grundvöllur að nútímaríki
- að fyrri heimsstyrjöldin hafði töluverð áhrif á hag landsmanna
- að kröfur Íslendinga um aukið sjálfstæði jukust smám saman.

### Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir að með heimastjórninni færðist stjórn landsins mikið til á íslenskar hendur en með henni fengu Íslendingar framkvæmdavaldið inn í landið. Um leið var tekið upp þingræði sem felur í sér að ráðherrann varð að njóta stuðnings Alþingis. Benda má á að í upphafi heimastjórnartímans höfðu einungis sæmilega efnaðir karlmenn kosningarétt.

Skýra skal fyrir nemendum að heimastjórnin stóð fyrir miklum framkvæmdum sem miðuðu að því að gera Ísland að nútímaríki. Mestu skipti tilkoma símans, stórbættar samgöngur og umbætur í menntamálum.

Fyrri heimsstyrjöldin hafði töluverða erfiðleika í för með sér en um leið skapaðist betra tækifæri til aukins sjálfstæðis frá Dönum. Fullveldi fékkst 1918 en hollt er að hafa í huga að völdin voru eftir sem áður einkum í höndum innlendrar valdastéttar.

### Umræður

- Hvaða breytingar urðu á stjórn landsins með tilkomu heimastjórnar?
- Hvað er átt við með þingræði?
- Var Ísland lýðræðisríki?
- Hvaða breytingar urðu á umsvifum ríkisins með tilkomu heimastjórnar?
- Hvernig þróaðist Ísland í átt til nútímaríkis á heimastjórnartímanum?
- Hvaða áhrif hafði fyrri heimsstyrjöldin hérlendis?
- Hvað breyttist með fullveldinu?





# VERKEFNI

## Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért fyrsti ráðherrann og haldir dagbók. Skrifaðu dagbókarfærslu þar sem þú segir frá fyrsta vinnudeginum. Hafðu sérstaklega í huga hvað það gæti verið sem ráðherrann vildi koma í verk á starfstíma sínum.
- Skrifaður frétt af því þegar síminn kom til landsins þar sem fram kemur hvaða breytingar hann muni hafa í för með sér. Hafðu í huga að þar með gátu blöðin fengið fréttir frá útlöndum samdægurs. Mundu einnig að almenningur eignaðist síma löngu síðar. Það voru einungis þeir best settu sem höfðu ráð á síma í upphafi.
- Ímyndaðu þér að þú sért danski skipherrann sem gerði hvítbláa fánann upptækan í Reykjavíkurhöfn árið 1913. Skrifaðu bréf fyrir hans hönd sem hann sendir yfirmanni sínum í Kaupmannahöfn. Reyndu að ímynda þér hvernig hann hefði lýst atburðinum.
- Ímyndaðu þér að þú hafir verið staddur fyrir utan stjórnarráðið þegar Ísland varð fullvalda árið 1918. Skrifaðu dagbókarfærslu þar sem þú gerir grein fyrir upplifun þinni og hugsunum.

## Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu að helstu framfaramálum heimastjórnartímans. Hafðu t.d. í huga fjarskipti, samgöngur og fræðslumál.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu þar sem áhrif fyrri heimsstyrjaldar á Íslandi koma fram. Hafðu t.d. í huga stöðu Íslands gagnvart Danmörku (hvaða áhrif hafði stríðið á samband landanna) og efnahagsleg áhrif (áhrif á verðlag og skort á vörum).

## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvaða lönd tóku þátt í fyrri heimsstyrjöldinni og í hvaða fylkingar löndin skiptust. Litaðu löndin eftir því í hvorri fylkingunni þau voru. Athugaðu hvernig Ísland og Danmörk tengdust sitt hvorum stríðsaðilanum.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu ártöl sem tengjast heimastjórnartímanum og settu inn á tímaásinn.

## Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt sem á sér stað á Alþingi. Einn leikur ráðherrann sem vill fá stuðning þingsins fyrir einhverju máli. Sumir þingmenn eru fylgjandi en aðrir andvígir.

## 4. KVENRÉTTINDI, FÉLAGSMÁL OG MENNING

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- hvenær jafnréttisbarátta kynjanna hófst á Íslandi og helstu einkennum hennar
- hvenær félagshreyfingar komu fyrst til sögunnar hérlendis og helstu einkenni þeirra
- þeim breytingum sem urðu á menningarlífi landsmanna
- þróun bókmennningar á fyrstu áratugum 20. aldar.

### Kennsla

Gera skal nemendum grein fyrir því að kvenréttindabaráttan barst hingað frá Evrópu undir lok 19. aldar. Forsenda hennar var einkum tilkoma borgarsamfélagsins sem var að mörgu leyti fylgífiskur iðnbyltingarinnar. Konur tóku að berjast fyrir lagalegu jafnrétti kynjanna og var krafan um kosningarétt kvenna hvað háværust. Réttindi kvenna jukust smám saman og var stærsta áfanganum náð 1915 þegar þær fengu kosningarétt til Alþingis. Karlmenntu héldu engu að síður áfram að vera ráðandi í samfélaginu þar sem félagslegar og hugarfarslegar hömlur komu í veg fyrir að konur gætu nýtt sér réttindi sín.

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að félagslíf Íslendinga tók miklum breytingum undir lok 19. aldar þegar fjöldahreyfingar komu til sögunnar. Helstu félögin voru opin öllum og því jafnréttissinnuð. Hafði það mikil samfélagsáhrif þar sem stéttaskipting var rótgróin í landinu. Um leið jókst félagsþroski þjóðarinnar og landsmenn þjálfuðust í að halda samkomur og skipuleggja sig eftir hagsmunum eða áhugamálum.

Sjálfsgætt er að skýra fyrir nemendum þá miklu menningargerjun sem fylgdi nútímasamfélagi. Menningarlífið varð fjölbreytilegra og veraldlegra enda fóru áhrif kirkjunnar dvínandi. Nýjar listgreinar komu fram, svo sem kvikmyndir, og eldri greinar gengu í endurnýjun lífdaga.

### Umræður

- Hvað vita nemendur um jafnréttisbaráttu kynjanna? Er jafnrétti á Íslandi? Hvernig er hægt að vinna að því að ná fram fullu jafnrétti kynjanna?
- Af hverju voru karlmenn áfram ráðandi í samfélaginu þrátt fyrir aukið lagalegt jafnrétti?
- Af hverju miðaðist kosningaréttur við kynferði og efnahag allt fram til 1915?
- Hvaða félagshreyfingar komu fyrst til sögunnar og hvað var mikilvægt við þær?
- Hvaða áhrif hafði aukið þéttbýli og bættur efnahagur á menningarlífið?
- Af hverju minnkuðu áhrif kirkjunnar með tilkomu nútímasamfélags?
- Hvernig tengist ljóðið á bls 41 efni kaflans?



# VERKEFNI

## Ritun

- Skrifaðu frétt um samkomuna sem konur héldu í Reykjavík árið 1915 þegar þær fögnuðu nýfengnum kosningarétti.
- Ímyndaðu þér að þú búir í litlu þorpi og þú sért nýgengin(n) í ungmennafélag sem var að hefja starfsemi sína. Skrifaðu sendibréf þar sem þú segir frá þátttöku þinni í félaginu.
- Ímyndaðu þér að þú hafir heyrt í plötuspilara í fyrsta sinn á ævinni enda sé hann alger nýjung. Lýstu upplifun þinni með dagbókarfærslu.
- Þú ert nýkomin(n) til Reykjavíkur og tekur eftir mikilli grósku í menningarlífinu. Þú sérð fyrstu kvikmyndina þína, heyrir lifandi tónlist á kaffihúsi og sérð stytur í fyrsta skipti á ævinni en þær eru nýteknar að prýða bæinn. Skrifaðu sendibréf heim í sveitina þar sem þú lýsir upplifun þinni.

## Myndmennt

- Teiknaðu myndasyrpu eða gerðu veggspjald af því þegar konur héldu upp á nýfenginn kosningarétt árið 1915.
- Teiknaðu nokkrar myndir sem lýsa starfsemi ungmennafélaganna.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af því fjölbreytta menningarlífi sem tekið var að prýða helstu þéttbýlisstaði.
- Myndskreyttu ljóðið sem er í lok kaflans.

## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar bindindisfélög og/eða ungmennafélög skutu upp kollinum og merktu inn á kort.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um listamenn sem gátu sér frægðar frá um 1880 til um 1940. Merktu helstu staðreyndir um þá inn á tímaásinn.

## Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt þar sem þeir ímynda sér að þeir séu meðlimir í ungmennafélagi.

## 5. ÞJÓÐFÉLAG Í MÓTUN

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að Ísland var stéttskipt samfélag þar sem kjör manna voru ólík
- að verkalýðsfélög komu til sögunnar til að berjast fyrir bættum kjörum launafólks
- að stjórnmalabaráttan snerist í vaxandi mæli um hlutverk ríkisins en áður hafði sambandið við Dani verið helsta viðfangsefnið
- að nýir stjórnmalaflokkar komu til sögunnar sem tóku mið að breyttum samfélagsháttum
- hvernig samfélagið þróaðist í grófum dráttum á 3. áratug 20. aldar.

### Kennsla

Mikilvægt er að nemendur átti sig á að Ísland var stéttskipt samfélag þar sem réttindi, hagsmunir og kjör manna voru ólík. Út frá efnahag og félagsstöðu mátti skipta mönnum í yfirstétt, miðstétt og lágstétt en rétt er að geta þess að alltaf var einhver hreyfing á milli stétta. Með aukinni menntun og bættum efnahag færðust sífellt fleiri úr lágstétt í miðstétt.

Útskýra þarf fyrir nemendum að markaðssamfélagið gerði lágstéttinni kleift að stofna baráttusamtök fyrir bættum réttindum en slíkt var illmögulegt í bændasamfélaginu. Í atvinnuskiptu þéttbýli komu fram hópar iðnaðarmanna og verkafólks sem fóru að mynda stéttarfélög utan um hagsmuni sína. Þar með styrktist samningsstaða þeirra gagnvart atvinnurekendum til muna.

Greina skal nemendum frá því að með auknu sjálfstæði og nútímalegri samfélagsháttum hættu stjórnmalin að snúast um sambandið við Dani en fóru þess í stað að beinast að því hvernig skipuleggja ætti samfélagið. Nýir flokkar komu til sögunnar og var baráttan fyrir hagsmunum tiltekinna stétta áberandi.

Rétt er að gera nemendum grein fyrir helstu þáttum þjóðfélagsþróunar þriðja áratugar síðustu aldar. Má þar telja ýmislegt til svo sem auknar tækni framfarir, bætta stöðu verkafólks og breytt fyrirkomulag landbúnaðar sem naut sífellt meiri ríkisaðstoðar og verndar um leið og hann var tekinn úr sambandi við frjálsan markað.

### Umræður

- Hvað vita nemendur um stéttaskiptingu? Hvernig var íslenskt samfélag stéttskipt? Er stéttaskipting á Íslandi í dag? Ef svo er hvernig lýsir hún sér? Hverjar eru stéttir landsins nú á tímum?
- Að hvaða leyti byggist samfélagið á líkum og ólíkum hagsmunum?
- Af hverju mynduðu einstakir hópar samfélagsins með sér stéttarfélög?
- Hvernig breyttust stjórnmalin með auknu sjálfstæði og nútímalegri samfélagsháttum?
- Af hverju eru til margir ólíkir stjórnmalaflokkar? Hvað ræður því hvaða flokk menn kjósa?
- Ætli hugsjónir ráði alltaf ferðinni hjá stjórnmalamönnum? Getur verið að viljinn til valda sé oft fyrirferðameiri?
- Hvað finnst nemendum um ljóðið í lok kaflans? Er hægt að tengja það við efni kaflans?



# VERKEFNI

## Ritun

- Hópverkefni þar sem hver hópur tekur fyrir einn þjóðfélagshóp í landinu og aflar upplýsinga um helstu einkenni hans. Síðan eru niðurstöður kynntar fyrir bekknum. Einnig má gera veggspjald sem prýtt er myndum og texta. Það er um að gera að velja nokkra hópa úr hverri stétt svo sem stjórnámálmenn, æðri embættismenn, kennara, prentara, bændur, sjómenn og verkafólk.
- Ímynda þú þér að þú sért verkakona/verkamaður sem stendur til boða að ganga í nýstofnað verkalýðsfélag. Skrifaðu sendibréf þar sem þú lýsir afstöðu þinni til verkalýðshreyfingarinnar.
- Ímyndaðu þér að þú sért að fara á kjörstað í kringum árið 1930. Skrifaðu frásögn þar sem fram kemur hvaða þjóðfélagshópi þú tilheyrir (eigið val) og hvaða flokk þú kýst. Útskýrðu á hverju afstaða þín byggist.
- Helstu fjölmiðlar landsins hafa tengst ákveðnum stjórnmalastefnum og því ekki verið hlutlausir. Hvað finnst þér um það? Skrifaðu eigin hugleiðingu þar sem þú veltir fyrir þér hlutverki fjölmiðla og hvernig þeir hafa áhrif á almenning. Hversu gott á almenningur með að afla sér traustra upplýsinga ef fjölmiðlar styðja tiltekna stefnur og hagsmuni?

## Myndmennt

- Teiknaðu mynd af íslenska stéttasamfélaginu. Hafðu í huga þjóðfélagsstöðu fólks, atvinnu, kjör og lífsstíl. Þetta gæti hæglega orðið veggspjald sem vinna má í hópum.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af tilteknum þjóðfélagshópi. Þú getur t.d. teiknað stjórnámálmenn, embættismenn, kennara, prentara, bændur, sjómenn eða verkafólk.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem lýsir stefnu tiltekinna stjórnmalaflokka. Þetta gæti hæglega orðið hópavinna þar sem hver hópur gerir veggspjald um tiltekinn flokk.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem tengist þjóðfélagsþróun þessara ára.

## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvar stéttafélög voru stofnuð og merktu inn á kort. Láttu koma fram fyrir hvaða þjóðfélagshóp viðkomandi félag var.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um hvenær fyrstu stéttafélögin voru stofnuð og skráðu þær inn á tímaásinn. Miðaðu við félög sem stofnuð voru fram til 1930.

## Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikþátt sem sýnir ólíkt hlutskipti ólíkra hópa samfélagsins. Þar gætu til dæmis verið fulltrúar stjórnmalamanna, embættismanna, kennara, prentara, bænda, sjómanna og verkafólks.



- Nemendur búa til leikþátt þar sem ólík stjórnmálaviðhorf koma fram. Hafið stefnu flokkanna í huga. Gott er að leggja áherslu á málefnalega umræðu þar sem mælsku-  
brögð eru ekki meginmálið. Það mætti t.d. hvetja nemendur til að reyna að átta sig á ólíkum sjónarmiðum og sýna þeim skilning.

## 6. KREPPA OG HEIMSSTYRJÖLD

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að Ísland varð sífellt háðara þróun efnahags- og öryggismála í heiminum
- að heimskreppan mikla hafði alvarleg áhrif á íslenskt atvinnulíf
- að ríkisvaldið brást við kreppunni með höftum, auknum umsvifum og almannatryggingum
- að hernámið hafði mikil áhrif á íslenskt samfélag og stórbætti efnahag landsins
- að Ísland varð lýðveldi undir stríðslok árið 1944 og þar með formlega sjálfstætt.

### Kennsla

Gera þarf nemendum grein fyrir að nútímavæðingin gerir ríki heims háðari hvert öðru. Íslenskt atvinnulíf byggði í ríkum mæli á viðskiptum við útlönd og því hafði heimskreppan alvarlegar afleiðingar þar sem útflutningstekjur minnkuðu verulega. Atvinna minnkaði og mikil átök urðu á vinnumarkaði. Ríkisafskipti jukust í formi hafta, atvinnubótavinnu og almannatrygginga. Hið opinbera tók þar með á sig aukna samfélagsábyrgð.

Seinni heimsstyrjöldin hafði mikil áhrif á Íslandi. Vegna hernaðarlegs mikilvægis hernámu Bretar landið og ári síðar kom hingað bandarískur her. Hernum fylgdu mikil umsvif sem höfðu gífurleg áhrif á samfélagið. Atvinnuleysið hvarf og Íslendingar fengu hátt verð fyrir útflutningsvörur sínar. Mikil uppbygging átti sér stað, fólk flyktist til Reykjavíkur sem aldrei fyrr og engilsaxnesk menningaráhrif urðu sterkari en áður. Í stríðslok voru Íslendingar ríkari og nútímalegri en áður.

Sjálfstæðisbaráttunni lauk formlega þegar Íslendingar sögðu endanlega skilið við Dani með lýðveldisstofnun árið 1944. Þjóðerniskennd Íslendinga var sterk og þeir héldu mikla hátíð á Þingvöllum sem var með helgum blæ. Áhersla var lögð á samstöðu á slíkum stundum en stjórn málaátök voru eftir sem áður hörð enda hart barist um auð og völd.

### Umræður

- Hvað vita nemendur um heimskreppuna miklu?
- Af hverju komust nasistar til valda og hvernig hófst seinni heimsstyrjöldin?
- Hvað vita nemendur um hernámið?
- Hvaða áhrif hafði hernámið á íslenskt samfélag?
- Hvað fólst í lýðveldisstofnuninni árið 1944?
- Hvað er þjóðerniskennd og alþjóðahygga? Hvernig fara þær hugmyndir saman?





# VERKEFNI

## Ritun

- Kreppuárin voru átakatími enda áttu mörg fyrirtæki erfitt uppdráttar og lífskjör almennings voru yfirleitt slæm. Ástandið náði hámarki með Gúttóslagnum þegar til bardaga kom á milli verkamanna og lögreglu. Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður sem upplifði atburðinn. Skrifaðu frétt um Gúttóslaginn.
- Ímyndaðu þér að þú upplifir hernám Íslands 10. maí 1940. Skrifaðu dagbókarfærslu eða sendibréf þar sem þú segir frá upplifun þinni.
- Ímyndaðu þér að þú sért nýfluttur til Reykjavíkur þar sem allt er krökkt af hermönnum, næg vinna er í boði og mikið um að vera í skemmtanalífinu. Þú skrifar sendibréf sem ætlað er vini eða vandamanni sem býr utan Reykjavíkur.
- Þú ert á Þingvöllum 17. júní 1944 þegar Íslendingar fögnuðu lýðveldinu. Skrifaðu sendibréf eða dagbókarfærslu þar sem þú lýsir upplifun þinni. Mundu að þjóðerniskenndin var sterk á þessum tíma enda voru landsmenn stoltir af menningu sinni og þjóðerni.

## Myndmennt

- Búðu til mynd eða myndasýrpu sem segir frá kreppunni eins og þú sérð hana fyrir þér.
- Hópverkefni þar sem nemendur afla sér upplýsinga um helstu einkenni stríðsáranna á Íslandi. Um getur verið að ræða veggspjald og/eða kynningu þar sem nemendur segja frá í máli og myndum.
- Búðu til mynd eða myndasýrpu af lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 17. júní 1944.

## Kort

- Merktu inn á Íslandskort þá staði þar sem hermenn komu sér fyrir á stríðsárunum.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um mikilvæga atburði sem áttu sér stað á kreppu- og stríðsárunum og skráðu þær inn á tímaásinn.

## Leikræn tjáning

- Nemendur búa til leikpátt um þau áhrif sem hernámið hafði. Það má hafa ákveðin þemu í huga svo sem hernámsdaginn, Bretavinnuna, samskipti hermanna og kvenna eða engilsaxnesk menningaráhrif.
- Nemendur búa til leikpátt um lýðveldishátíðina á Þingvöllum 17. júní árið 1944.

## 7. VELFERÐ OG KALT STRÍÐ

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að stríðsgróðinn gerði Íslendingum kleift að fara út í miklar fjárfestingar
- að stjórnvöld gripu til hafta þegar gjaldeyrissjóðir þjóðarinnar tæmdust
- að stríðsgróðinn gerði landsmönnum kleift að styrkja velferðar- og menntakerfið til mikilla muna
- að fjandskapur Bandaríkjanna og Sovétríkjanna leiddi til vígbúnaðarkapphlaups og öryggisleysis á heimsvísu
- að Íslendingar gerðust bandamenn vestrænna ríkja í kalda stríðinu
- að Ísland gekk í NATO og samþykkti að hýsa erlendan her í landinu
- að töluverð andstaða var gegn NATO og erlendum her meðal landsmanna en hún var mest meðal vinstrimanna.

### Kennsla

Stríðsgróðinn var að verulegu leyti nýttur til fjárfestinga og var megináherslan lögð á að efla sjávarútveginn. Þannig átti að skapa atvinnu fyrir alla og koma í veg fyrir nýja kreppu. Gjaldyrissjóðurinn tæmdist fljótt en aflatregða varð til þess að fjárfestingarnar nýttust ekki sem skildi.

Benda skal nemendum á að stríðsgróðinn fór einnig í að efla velferðar- og menntakerfið sem komst á nútímagrundvöll. Stéttamunur minnkaði og þjóðin varð menntaðri, heilbrigðari og langlífari.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á heimsmynd kalda stríðsins sem einkenndist af vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna og stöðugum ótta um nýtt heimsstríð. Ísland skipaði sér í hernaðarbandalag með vestrænum þjóðum með inngöngunni í NATO auk þess sem Bandaríkjamenn fengu leyfi til að setja hér upp herstöð. Mörgum mislíkaði að Ísland væri ekki lengur hlutlaust ríki og hafði hávær minnihlutahópur sig mjög í frammi með mótmælum gegn NATO-aðildinni og herstöðinni.

### Umræður

- Finnst nemendum að ríkisvaldið eigi að hafa afskipti af atvinnulífinu?
- Finnst nemendum að ríkisvaldið beri einhverja ábyrgð á því hvort næg atvinna sé fyrir alla?
- Hvað vita nemendur um höft?
- Hvaða skoðun hafa nemendur á velferðarkerfinu? Hversu öflugt á það að vera?
- Hvaða skoðun hafa nemendur á menntakerfinu? Á hið opinbera að tryggja öllum jafnan aðgang óháð efnahag?
- Hafa nemendur heyrt um kalda stríðið? Hvað einkenndi það?
- Af hverju gengu Íslendingar í NATO og leyfðu erlendum her að setjast að í landinu? Hvað finnst nemendum um að hafa erlendan her hérlendis?
- Af hverju fengu Íslendingar Marshall-aðstoð þrátt fyrir að vera ekki stríðshrjáð þjóð?
- Af hverju voru sumir á móti NATO-aðildinni og bandarísku herstöðinni?



# VERKEFNI

## Ritun

- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður. Skrifaðu fréttaskýringu sem segir frá fjárfestingunum sem nýsköpunarstjórnin stóð að. Mundu að útskýra ástæðuna fyrir þeim og veltu fyrir þér hversu skynsamlegar þær voru.
- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður. Skrifaðu fréttaskýringu um þær breytingar sem urðu á velferðar- og menntakerfinu. Láttu koma fram hvað þér finnst um þær breytingar.
- Ímyndaðu þér að þú sért blaðamaður í upphafi kalda stríðsins. Skrifaðu fréttaskýringu um kalda stríðið og veltu fyrir þér hvaða áhrif það muni hafa á Ísland. Þú getur í því sambandi fjallað um hugsanlega aðild Íslands að NATO og óskir Bandaríkjamanna um að hafa her á Íslandi.
- Vinur þinn biður þig um að koma með sér í Keflavíkurgöngu gegn NATO-aðild og bandarísku herstöðinni. Skrifaðu bréf til hans þar sem afstaða þín kemur fram og þá jafnframt hvort þú hafir áhuga að taka þátt í göngunni eða ekki.

## Myndmennt

- Útbúðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir fjárfestingar nýsköpunarstjórnarinnar. Munið að þær áttu sér einkum stað í sjávarútvegi en einnig í landbúnaði.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir afleiðingar haftakerfisins. Fólk þurfti að hafa skömmunarmiða fyrir ákveðnar vörur og biðraðir mynduðust gjarnan þar sem fágætar vörur voru á boðstólnum.
- Hópverkefni þar sem hver hópur tekur fyrir tiltekinn þátt kalda stríðsins. Sjálfsgætt er að láta nemendur afla frekari upplýsinga en fram koma í bókinni. Nemendur gætu t.d. gert veggspjald í máli og myndum og kynnt verkefnið fyrir bekknum í lokin. Það mætti skipta verkefnum niður á hópa með eftirfarandi hætti:
  - Kalda stríðið – orsakir og einkenni.
  - Hernaðarbandalög – NATO og Varsjárbandalagið.
  - Keflavíkursamningurinn og bandarísk herstöð á Íslandi.
  - Fylgjendur og andstæðingar NATO-aðildar og herstöðvar.

## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um hvernig heimurinn skiptist í andstæðar fylkingar. Litaðu lönd heimsins eftir því hvort þau:
  - voru hlutlaus
  - fylgdu Bandaríkjunum
  - fylgdu Sovétríkjunum
- Aflaðu þér upplýsinga um hvar Bandaríkjamenn vildu koma upp herstöðvum á Íslandi og merktu inn á kort. Merktu einnig inn á kortið þá staði þar sem Bandaríkjamenn fengu að koma sér upp aðstöðu.



## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu breytingar á velferðar- og menntakerfinu. Merktu inn á tímaásinn þau ártöl sem þú telur skipta mestu máli.
- Aflaðu þér upplýsinga um kalda stríðið héraendis sem erlendis. Merktu inn á tímaásinn þau ártöl sem þú telur skipta mestu máli.

## Leikræn tjáning

- Nemendur útbúa leikrit um haftakerfið. Þeir fá úthlutað skömmunarmiðum fyrir tiltekna vörur. Útbúið einnig peninga en munið að ekki var hægt að kaupa skammtaðan varning án skömmunarmiða. Sumir leika einstæðinga en aðrir fjölskyldufólk með misjafnlega marga á framfæri. Því stærri sem fjölskyldan er því fleiri eru miðarnir. Setjið upp verslanir með vörum sem nemendur sækjast eftir að kaupa. Það eru ekki til nægjanlega margar vörur fyrir alla og því myndast biðraðir vegna keppni nemenda um að geta keypt inn.
- Nemendur setja upp leikrit eða málfund um hugsanlega NATO-aðild Íslendinga. Þeir skipuleggja þingfund þar sem málið er til umræðu. Einnig má bæta þriðja hópnum með sem eru almennir borgarar sem standa fyrir utan þinghúsið og mótmæla eða styðja tillöguna. Leikritið getur orðið hávaðasamt en ef nemendur gerast æstir er hægt að ræða um það á eftir hvers vegna mönnum hleypur kjarnan kapp í kinn og hversu varhugaverð einsýni og múgæsing getur orðið.

## 8. ATVINNULÍF OG BYGGÐAÞRÓUN

### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að mikil breyting varð á búsetu landsmanna eftir seinna stríð þegar sífellt fleiri fluttu af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins
- að stjórnvöld reyndu að viðhalda byggð í sveitum og þéttbýlisstöðum úti á landi
- að miklar framfarir urðu í samgöngum með bættu vegakerfi og reglubundins flugs
- að landbúnaðarframleiðsla stórkjóst eftir seinna stríð þegar vélvæðing hófst fyrir alvöru í landbúnaði
- að fiskveiðilögsagan stækkaði mjög eftir seinna stríð en það kostaði oft átök við önnur ríki
- að kvótakerfi var komið á í sjávarútvegi og landbúnaði vegna ofnýtingar og offramleiðslu
- að stóriðja kom til sögunnar
- að náttúruhamfarir geta ógnað öryggi okkar.

### Kennsla

Benda skal nemendum á að eftir seinna stríð streymdi fólk af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins þar sem atvinnutækifæri voru betri og menningarleg- og félagsleg fjölbreytni meiri. Stjórnámálamenn reyndu að sporna gegn þessari þróun með því að styrkja landsbyggðina en sá stuðningur dugði ekki til.

Nemendur þurfa að átta sig á að mikil bylting varð í samgöngum enda eru þær ein helsta forsenda nútímasamfélags. Landið varð greiðfærara með bættum bílvegum og reglubundið flug stytta ferðatíma milli helstu staða til mikilla muna.

Sjálfsgagt er að gera nemendum grein fyrir að vélvæðing í landbúnaði hófst fyrst fyrir alvöru eftir seinna stríð. Landbúnaðarframleiðsla jókst mjög í kjölfarið þrátt fyrir að fólki fækkaði mjög í sveitum. Brátt kom til offramleiðslu í landbúnaði og var þá komið á kvótakerfi.

Rétt er að benda nemendum á að Íslendingar stækkuðu landhelgina nokkrum sinnum á þriðja fjórðungi 20. aldar til að geta nýtt fiskimiðin betur í eigin þágu. Það hafði töluverð átök í för með sér en Bretar voru sérstaklega andsnúnir útvíkkuninni enda veiddu þeir mikið á Íslandsmiðum. Kvótakerfi var síðar komið á í sjávarútvegi vegna ofveiði en útfærslan á því hefur verið mjög umdeild.

Iðnaður hefur löngum átt erfitt uppdráttar á Íslandi enda markaður lítil og framleiðslan því óhagkvæm. Frá 7. áratugnum hefur aukin áhersla verið á erlenda stóriðju en hún hefur þó alltaf verið mjög umdeild.

Íslendingar hafa í gegnum aldirnar orðið fyrir miklum áföllum af völdum náttúruhamfara. Með tilkomu nútímasamfélags hefur landsmönnum reynst auðveldara að bregðast við enda eru þær ekki eins mannskæðar og áður var. Þó hefur töluvert manntjón orðið vegna snjóflóða.



## Umræður

- Hvað einkennir búsetu landsmanna? Er landið þéttbýlt eða strjálbýlt?
- Hvað er átt við með byggðarstefnu?
- Af hverju eru góðar samgöngur ein helsta forsenda nútímasamfélags? Hvernig er samgöngum háttað á Íslandi?
- Af hverju hefur landbúnaðarframleiðslan stórukist þrátt fyrir að bændum hafi fækkað mikið?
- Af hverju töldu Íslendingar mikilvægt að útvíkka fiskveiðilögsöguna? Finnst nemendum réttmætt að strandríki geti eignað sér fiskimið á nærliggjandi hafsvæðum eða ættu þau að vera öllum opin?
- Hvað vita nemendur um kvótakerfi í sjávarútvegi og landbúnaði? Hvað er jákvætt við þau og hvað er neikvætt?
- Hvað finnst nemendum um erlenda stóriðju hérlendis?
- Hvaða hættur steðja helst að okkur frá náttúrunnar hendi? Hvernig erum við í stakk búin til að verjast þeim?



## VERKEFNI

### Ritun

- Ímyndaðu þér að þú búir úti í sveit eða í þéttbýli úti á landi um miðja síðustu öld. Skrifðu dagbókarfærslu þar sem þú veltir því fyrir þér hvort þú viljir búa þar áfram eða flytja suður til höfuðstaðarins. Láttu koma fram hvað þér finnst jákvætt/neikvætt við að vera um kyrrt eða fara á brott.
- Ímyndaðu þér að þú búir í þéttbýli úti á landi þar sem samgöngur eru erfiðar. Samfellt flug er nýhafið og bæjarbúum gefst í fyrsta sinn tækfæri til að ferðast án mikillar fyrirhafnar þar sem bílvegur er ekki til staðar og siglingar taka langan tíma. Skrifðu sendibréf þar sem þú lýsir upplifun þinni.
- Ímyndaðu þér að þú sért bóndi og að vélvæðing í landbúnaði sé að hefja göngu sína. Skrifðu sendibréf þar sem þú lýsir viðhorfum þínum til þeirra breytinga sem það hafði í för með sér. Hafðu í huga að sveitastörf urðu léttari og framleiðslan meiri en á móti kom að fólki fækkaði mjög í sveitum.
- Skrifðu fréttaskýringu þar sem þú fjallar um ólík viðhorf til erlendrar stóriðju. Láttu andstæð sjónarmið koma fram en reyndu að enda greinina með því að komast að eigin niðurstöðu. Þú getur aflað þér frekari upplýsinga í öðrum bókum. Taktu tillit til sem flestra þátta, sem dæmi má nefna: erlent fjármagn, arð, umhverfi, mengun, atvinnusköpun.

### Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir fólk flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar eftir seinna stríð. Þú getur einnig teiknað mynd sem sýnir stjórnálmenn lýsa yfir áhyggjum vegna þeirra búsetubreytinga sem áttu sér stað. Veltu því fyrir þér um leið hvers vegna þeir vildu viðhalda byggðinni eins og hún var. Láttu einnig koma fram til hvaða aðgerða stjórnvöld gripu til að styrkja byggð víða um land.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir hvernig Íslendingar gátu ferðast um eigið land um miðja 20. öldina. Aflaðu þér upplýsinga um hvar búið var að leggja vegi, á hvaða hafnir strandferðaskip sigldu og á milli hvaða staða var flogið. Hafðu í huga að sjóflugvélar voru mikið notaðar enda lítið um flugvelli á þessum tíma.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir þær breytingar sem vélvæðingin í landbúnaði hafði eftir seinna stríð. Þú getur t.d. teiknað samhliða myndir af tveimur bóndabæjum þar sem nýi tíminn hefur hafið innreið sína á öðrum sveitabænum en gamli tíminn ríkir enn á hinum.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir hvernig náttúruhamfarir geta haft áhrif á líf okkar. Láttu einnig koma fram hvernig nútímamaðurinn getur brugðist við til að koma nauðstöddum til hjálpar.





## Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um breytingar á íbúafjölda víðs vegar um land. ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) Þú getur t.d. borið íbúafjölda á helstu þéttbýlisstöðum um miðja síðustu öld við þann fjölda sem þar býr í dag. Skráðu inn á kort fjöldann á hverjum stað fyrir sig fyrir bæði árin. Þú getur einnig aflað þér upplýsinga um breytingar á íbúafjölda í tilteknum landshlutum (t.d. landsfjórðungum) og sett upplýsingarnar á kortið. Þú getur notað ólíka liti til að tákna fækkun annars vegar og fjölgun hins vegar. Merktu með litum þá þéttbýlisstaði og landshluta þar sem varð fjölgun annars vegar og fækkun hins vegar.
- Aflaðu þér upplýsinga um stækkun landhelginnar á síðustu öld og teiknaðu inn á kort. Notaðu sér lit fyrir hverja útfærslu og láttu koma fram hvenær landhelgin var útfærð.
- Aflaðu þér upplýsinga um helstu náttúruhamfarir frá aldamótum 1900. Hafðu eldgos, jarðskálfta og snjóflóð sérstaklega í huga. Merktu inn á kort helstu náttúruhamfarir. Skoðaðu vel hvernig þær dreifast um landið.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um helstu áfanga í samgöngumálum og merktu inn á tímaásinn. Hafðu í huga hvenær meginbyggðir komust í vegasamband, hvenær jarðgöng komu til sögunnar, hvenær flugsamband komst á sem og helstu ártöl varðandi siglingar.
- Aflaðu þér upplýsinga um helstu náttúruhamfarir og merktu inn á tímaásinn. Skoðaðu hversu reglulega eldgos, jarðskjálftar og mannskæð snjóflóð herja á landsmenn.

## Leikræn tjáning

- Nemendur setja upp leikþátt eða málfund sem fjallar um erlenda stóriðju. Þeir kynna sér málstað þeirra sem eru fylgjandi og andvígir stóriðju og þeim virkjanaframkvæmdum sem henni fylgir. Mikilvægt er að nemendur kynni sér ólík sjónarmið en sjálfsagt er að skipta þeim í hópa eftir því hvort þeir séu fylgjandi eða andvígir. Setja má leikþáttinn upp sem umræður á Alþingi, fundi í viðkomandi byggðarlagi eða umræður í sjónvarpi. Sjálfsagt er að fá nemendur í lokinn til að velta því fyrir sér hvort þeir hafi talað gegn betri vitund og hversu sannfærandi hægt er að vera þrátt fyrir það. Um leið má velta því fyrir sér hvað sé heiðarleg, málefnaleg og upplýst umræða.

## 9. ÞJÓÐFÉLAGSÓLGA

### Markmið

Að nemandi átti sig á að:

- fjórir flokkar hafa verið ráðandi í stjórnámálum á lýðveldistímanum
- samstaða hefur verið um að viðhalda markaðshagkerfinu og halda uppi velferðarþjónustu
- stjórnámál eru að miklu leyti valdatafl þar sem flokkarnir reyna að komast til sem mestra áhrifa í samfélaginu og hefur það haft margvíslega spillingu í för með sér
- þingmenn eru valdir í tilteknum kjördæmum og því hugsa þeir oft meira um hagsmuni þess en annarra kjördæma
- launþegahreyfingin varð mjög öflug með tímanum enda reyndu stjórnámálaflokkarnir að hafa sem mest áhrif innan hennar
- fjölmiðlar reyna oft að hafa áhrif á skoðanir almennings enda hafa þeir yfirleitt tengst hagsmunaöflum svo sem tilteknum stjórnámálaflokkum
- unglingar komu fram sem sjálfstæður þjóðfélagshópur á 7. áratugnum með eigin tónlist og tisku
- áttundi áratugurinn einkenndist af mikilli róttækni, sérstaklega meðal ungs fólks, þar sem valdakerfið var gagnrýnt fyrir spillingu og valdniðslu
- kvennabaráttan gekk í endurnýjun lífdaga með kröfum um raunverulegt jafnrétti kynjanna
- konur urðu mun meira áberandi á opinberum vettvangi eftir 1980.


### Kennsla

Rétt er að greina nemendum frá því að ráðandi stjórnámálaflokkar urðu sammála um grundvallarþætti samfélagsins en tókust oft hart á í einstökum málum. Mikilvægt er að nemendur líti gagnrýnum augum á samfélagið og átti sig á því að viljinn til valda er sterkur og því hafa flokkarnir reynt að koma sér sem best fyrir en því hefur oft fylgt spilling. Stjórnámálamenn eru oft uppteknari af að þjóna sérhagsmunum fárra en heildarhagsmunum þjóðarinnar þó annað megi skilja á málflutningi þeirra.

Alþingismenn koma frá tilteknum kjördæmum. Það skapar nálægð við kjósendur en gerir einnig að verkum að þingmenn horfa oft frekar til hagsmuna eigin kjördæmis en heldarhagsmuna þjóðarinnar. Sumir vilja fyrir vikið gera landið að einu kjördæmi en því fylgir sú hættu að þingmenn myndu einungis sinna hagsmunum stærsta kjósendahópsins á suðvesturhorninu.

Benda skal nemendum á að verkalýðshreyfingin varð með tímanum sterkt þjóðfélagsafl. Hreyfingin varð umfangsmikil í krafti félagafjölda, verkfallsréttar og aðkomu að digrum sjóðum. Um leið varð hreyfingin miðstýrðari og skapaði þeim sem þar stjórnðu töluverða valdastöðu. Stjórnámálaflokkarnir lögðu áherslu á að styrkja stöðu sína með því að koma sínum mönnum sem mest að innan hreyfingarinnar.

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að fjölmiðlar hafa alltaf verið notaðir til að móta skoðanir almennings. Því er mikilvægt að hafa í huga að þeir eru sjaldnast hlutlausir og því dregur umfjöllun þeirra yfirleitt dóm af hagsmunum þeirra sem stýra fjölmiðlunum. Lengi



vel komu út dagblöð sem tengdust tilteknum stjórnmalaflokkum og voru því áróðursmiðlar þeirra. Í dag eru fjölmiðlar frekar í eigu peningamanna sem sjá sér hag í að reka fjölmiðla.

Rétt er að gera nemendum grein fyrir því að unglingar komu ekki fram sem sjálfstæður þjóðfélagshópur, með eigin einkenni, fyrr en á sjöunda áratugnum.

Fram að þeim tíma þurfti fólk almennt að sinna fullorðinsvinnu frá unga aldri. En með lengri skólagöngu og bættum fjárhag lengdist æskan svo úr varð nokkuð samstæður hópur með töluverða kaupgetu. Unglingamenningin tók á sig mynd en rokktonlist var einn veigamesti hluti hennar.

Um 1970 fór æskan að gera sig gildandi í samfélagsumræðunni með róttækum hætti. Í kjölfarið jókst gagnrýni á margt sem miður þótti fara í samfélaginu. Deilt var á íhaldssemi, efnishyggju og valdmennsku af ýmsu tagi og voru Stjórnmalaflokkar, embættiskerfið og ýmis hagsmunasamtök gagnrýnd fyrir spillingu og valdniðslu.

Á sama tíma gekk kvennahreyfingin í endurnýjun lífdaga. Róttækar konur, sem kölluðu sig rauðsokkur, gagnrýndu feðravelðið og gerðu kröfu um raunverulegt jafnrétti kynjanna. Með tímanum fékk jafnréttisbaráttan vaxandi hljómgrunn meðal landsmanna. Konur urðu meira áberandi í þjóðlífinu og komust í valda- og virðingarstöður. Þó er enn nokkuð í land að jafnrétti sé á milli kynjanna.

## Umræður

- Hafa nemendur heyrt um fjórflokkinn og vita þeir hvað í því fellst?
- Hafa nemendur velt fyrir sér hversu sterkur vilji mannsins til auðs og valda getur verið?
- Vita nemendur að stjórnmalaflokkarnir hafa tengst margvíslegum sérhagsmunum og að í stjórnmalum þrífst margvísleg spilling?
- Vita nemendur að landið skiptist í kjördæmi og að kjósendur þess velja sér þingmenn? Er það gott fyrirkomulag eða slæmt?
- Hvað vita nemendur um launþegahreyfinguna? Hversu mikilvæg er hún og af hverju vilja stjórnmalaflokkarnir hafa þar áhrif?
- Trúa nemendur öllu sem þeir sjá í fjölmiðlum eða eru þeir gagnrýnir á allt sem þeir sjá og heyra? Eru þeir meðvitaðir um að fjölmiðlar hafa mikil áhrif á skoðanir almennings?
- Hvað vita nemendur um upphaf unglíngamenningar? Hvað einkennir hana í dag og hverjir móta hana?
- Þekkja nemendur til róttækni '68-kynslóðarinnar? Hvað finnst þeim um viðhorf hennar?
- Á gagnrýni áttunda áratugarins við í dag? Hvað finnst nemendum um eigið samfélag?
- Hvað vita nemendur um jafnréttisbaráttu kynjanna? Hvernig stendur sú baráttu í dag? Geta nemendur nefnt dæmi um jafnréttisbaráttu tiltekinna samfélagshópa?



# VERKEFNI

## Ritun

- Skrifaðu fréttaskýringu þar sem íslenskum stjórnmálum er lýst. Hafðu fjórflokkinn í huga og skýrðu frá því hvernig flokkarnir reyna að komast til sem mestra áhrifa. Þú getur einnig fjallað um kjördæmaskipanina ef þú vilt.
- Skrifaðu tvær fréttir, sína fyrir hvort flokksblaðið þar sem ólík sjónarmið koma fram. Þú getur valið þér atburð en getur einnig skrifað um inngöngu Íslands í NATO. Mundu að þú vilt fá lesendur til að komast á þína skoðun.
- Ímyndaðu þér að þú sért í skóla þegar unglíngamenningin er að koma fram. Rokktónlistin er ný og þú þarft því ekki að hlusta á sömu tónlist og foreldrnir. Skrifaðu frásögn af því hvernig þú sérð unglíngsárin fyrir þér í kringum 1960. Þú getur aflað þér frekari upplýsinga um unglíngamenninguna á sjöunda áratugnum – í bókum eða með viðtölum, t.d. við afa og ömmu. Mundu að þá var ekkert sjónvarp, engar tölvur og engir MP3 spilarar.
- Taktu viðtal við einhverja sem upplifðu róttækni áttunda áratugarins. Kynntu þér sérstaklega hvað var gagnrýnt og hvernig gagnrýninni var komið á framfæri. Athugaðu einnig hver viðbrögð yfirvalda voru og hvort eitthvað hafi breyst. Skrifaðu ritgerð þar sem helstu atriðin koma fram og kynntu fyrir þekktum. Einnig er hægt að vinna verkefnið nokkur saman auk þess sem sjálfsagt er að útbúa veggspjald þar sem greint er frá niðurstöðum í máli og myndum.
- Ímyndaðu þér að þú sért á fjöldasamkomu í miðbæ Reykjavíkur árið 1975 á kvennafrídegnum svokallaða. Skrifaðu sendibréf til vinar þar sem þú segir frá upplifun þinni og viðhorfum.
- Taktu viðtal við einhverja sem upplifðu Rauðsokkagönguna árið 1970 eða kvennafrídaginn árið 1975. Kynntu þér sérstaklega hver baráttumálin voru og hvernig upplifun það var að vera þátttakandi. Skrifaðu ritgerð þar sem helstu atriðin koma fram og kynntu fyrir þekktum. Einnig er hægt að vinna verkefnið nokkur saman auk þess sem sjálfsagt er að útbúa veggspjald þar sem greint er frá niðurstöðum í máli og myndum.

## Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu sem sýnir hvernig fjölmiðlar reyna að hafa áhrif á skoðanir almennings.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af unglíngamenningu sjöunda áratugarins. Aflaðu þér heimilda um hvernig unglíngatískan var, hvaða tónlist var vinsælust og hverjar voru helstu kvikmyndastjörnur unga fólksins.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af róttækni áttunda áratugarins. Sjálfsagt er að afla sér frekari upplýsinga um tímabilið með bóklestri eða viðtölum.
- Teiknaðu mynd eða myndasyrpu af jafnréttisbaráttu kvenna eftir 1970. Þú getur haft Rauðsokkur eða kvennafrídaginn sérstaklega í huga ef þú vilt. Sjálfsagt er að afla sér frekari upplýsinga um tímabilið með bóklestri eða viðtölum.



## Kort

- Skiptu Íslandskorti upp í kjördæmi og litaðu hvert þeirra. Aflaðu þér upplýsinga um hversu margir þingmenn eru fyrir hvert kjördæmi og merktu þá á viðeigandi stað inn á kortið. Athugaðu einnig ef þú getur hversu margir kjósendur voru um hvern þingmann í viðkomandi kjördæmum.

## Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um þá stjórnmalaflokka sem náð hafa mönnum á þing á lýðveldistímanum og merktu inn á tímaásinn. Litaðu það tímabil á tímaásinn sem hver flokkur fyrir sig hafði menn á þingi.
- Aflaðu þér upplýsinga um helstu atburði og sigra í kvenréttindabaráttunni eftir 1970 og merktu á tímaásinn.

## Leikræn tjáning

- Nemendur setja upp leikpátt sem fjallar um róttækni áttunda áratugarins eða kvennahreyfinguna eftir 1970. Þeir afla sér upplýsinga um helstu baráttumál og gagnrýnisefni sem og hvernig að mótmælum og kröfugerðum var staðið. Sjálfsagt er að afla upplýsinga með lestri og viðtölum. Að lokum getur bekkurinn velt fyrir sér hvað hafi áunnist og hverju hafi ef til vill farið aftur frá þessum tíma.

## 10. HNATTVÆÐING OG HRUN

### Markmið

Að nemandi átti sig á að:

- viðskiptafrelsi jókst í áföngum eftir 1960
- verðbólga, sem ber vott um slæma efnahagsstjórn, var ríkjandi vandamál mestallan lýðveldistímann
- viðskiptalífið hefur skipst upp í valdablokkir, sem tengdust tilteknum stjórn mála-flokkum, en það dregur úr samkeppni og leiðir því til hærra vöruverðs
- Íslendingar hafa haft mikinn hag af margvíslegu alþjóðasamstarfi
- hröð tæknipróun hefur stóraukið hnattræn samskipti og er iðulega talað um hnattvæðingu í því sambandi
- hnattvæðingin hefur leitt til þess að ríki heims hafa stóraukið samstarf sitt enda eru sífellt fleiri viðfangsefni alþjóðlegs eðlis (t.d. mengun)
- með hnattvæðingunni hefur samstarf Evrópuþjóða stóraukist innan vébanda Evrópusambandsins
- íslenskt samfélag hefur orðið fjölmenningarlegra á seinni árum með komu innflytjenda og auknum tengslum við umheiminn
- markaðsfrelsi jókst sífellt og þar með máttur fjármagnsins en ríkisvaldið varð að mörgu leyti veikara
- óhófleg skuldasoöfnun, veik efnahagsstjórn, agaleysi og spilling leiddi til hruns í íslensku efnahagslífi og vantrúar á margar af helstu stjórnarstofnunum landsins.


### Kennsla

Sjálfsgagt er að greina nemendum frá því að Íslendingum hafa verið mjög mislagðar hendur í efnahagsmálum. Haftakerfi var lengi við lýði og verðbólga viðvarandi vandamál. Markaðsfrelsi jókst þó töluvert eftir 1960 en efnahagslífið einkenndist ávallt af agaleysi.

Benda skal nemendum á að valdablokkir hafa barist um að ná til sín sem stærstum hluta viðskiptalífsins – oft í skjóli ráðamanna. Skortur hefur verið á raunverulegri samkeppni og er það veigamikil ástæða fyrir háu vöruverði hérlendis.

Gera þarf nemendum grein fyrir að alþjóðasamstarf hefur færst mjög í vöxt eftir seinna stríð. Íslendingar hafa tekið þátt í margvíslegu alþjóðasamstarfi og oft haft af því mikinn ávinning svo sem í norrænu samstarfi. Hröð tækni- og hnattvæðing gerir þjóðríkjum erfiðara fyrir að leysa öll viðfangsefni heima fyrir og því hefur alþjóðasamstarf aukist til mikilla muna á síðustu árum. Eitt skýrasta dæmið um aukna hnattvæðingu er Evrópusambandið sem sinnir sífellt viðameiri verkefnum og þar starfa saman langflest ríki Evrópu. Fjölmennig er veigamikið einkenni hnattvæðingar en hún hefur að mörgu leyti leitt til aukinnar fjölbreynti íslensks samfélags.

Benda skal nemendum á að frjálshyggjan hafði mikil áhrif á þróun samfélagsins eftir 1990. Markaðsfrelsi jókst og um skeið ríkti mikill hagvöxtur og almenningur hafði yfirleitt meiri peninga á milli handanna. Ráðist var í miklar framkvæmdir á ýmsum sviðum um og eftir aldamótin 2000 og var mikið rætt um að góðæri ríkti í landinu. Brátt varð ljóst að efnahagslífið var ekki sjálfbært heldur var um svokallað bóluhagkerfi að ræða sem byggðist upp á



óhóflegri skuldasöfnun en oft og tíðum lítt arðbærum fjárfestingum. Haustið 2008 hrundi bankakerfið og gífurlegur samdráttur varð í efnahagslífinu með tilheyrandi atvinnuleysi. Óhófleg skuldasöfnun, óstjórn og spilling voru helsti orsakavaldurinn. Tiltrú stjórnámanna og margra af helstu stofnunum landsins beið mikinn hnekki.

## Umræður

- Hafa nemendur velt efnahagsmálum fyrir sér? Hvað dettur þeim í hug þegar þeir heyra það hugtak?
- Vita nemendur hvað átt er við með verðbólgu og að hún hafi löngum verið vandamál á Íslandi? Af hverju hefur Íslendingum ekki tekist að hemja hana svo vel sé?
- Hvað vita nemendur um viðskiptalífið? Vita þeir að hér hafa viðskiptablokkir gjarnan ráðið ferðinni og að vöruverð er með hæsta móti hérlendis?
- Hvað vita nemendur um alþjóðasamstarf og hlutdeild Íslendinga í því? Hvaða alþjóðastofnanir kannast þeir við og hvaða hag hafa Íslendingar haft af alþjóðasamstarfi?
- Hvað er hnattvæðing og hvaða áhrif hefur hún á okkur?
- Hvað finnst nemendum um Evrópusambandið? Ættu Íslendingar að sækja um aðild eða ekki?
- Hvað er átt við með fjölmenningu og að hvaða leyti hefur hún skotið rótum hérlendis?
- Af hverju hrundi bankakerfið?
- Hvað finnst nemendum um stjórnámál og íslenskt samfélag yfirleitt? Eru þeir meðvitaðir borgarar eða er þeim alveg sama?



## VERKEFNI

### Ritun

- Aflaðu þér upplýsinga um íslenskt efnahagslíf og reyndu að setja saman fréttaskýringu þar sem helstu þættir eru dregnir saman. Veltu fyrir þér hugtökum eins og viðskiptafrelsi, höftum og verðbólgu.
- Aflaðu þér upplýsinga um hnattvæðingu og fjölmenningu. Skrifaðu fréttaskýringu þar sem fram koma helstu einkenni og áhrif á íslenskt samfélag. Hvað er jákvætt og hvað ber að varast í þeim efnum.
- Aflaðu þér upplýsinga um hrunið – ástæður og afleiðingar. Sjálfsagt er að taka viðtöl þar sem um nýliðna atburði er að ræða. Skrifaðu fréttaskýringu þar sem þú veltir fyrir þér helstu staðreyndum. Þú getur einnig sagt frá Búsáaldabyltingunni en í því sambandi er um að gera að taka viðtöl við þátttakendur.

### Myndmennt

- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu af alþjóðasamstarfi og hnattvæðingu síðustu ára. Sjálfsagt er að nemendur afli frekari upplýsinga en fram koma í bókinni. Hver hópur getur til dæmis gert veggspjald þar sem gerð er grein fyrir efninu í máli og myndum. Að lokum er efnið kynnt fyrir bekknum. Einnig má sleppa veggspjaldinu og láta kynningu duga.
- Hópverkefni þar sem nemendur fjalla um helstu einkenni fjölmenningar hérlandis. Hvaða þættir eru mikilvægastir og hvernig hafa þeir haft áhrif á íslenskt samfélag? Sjálfsagt er að nemendur afli frekari upplýsinga en fram koma í bókinni. Hver hópur getur til dæmis gert veggspjald þar sem gerð er grein fyrir efninu í máli og myndum. Að lokum er efnið kynnt fyrir bekknum. Einnig má sleppa veggspjaldinu og láta kynningu duga.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu af orsökum og afleiðingum hrunsins. Einnig er sjálfsagt að hafa Búsáaldabyltinguna í huga.

### Kort

- Aflaðu þér upplýsinga um alþjóðasamstarf Íslendinga. Athugaðu hvaða alþjóðasamtökum þeir tengjast og hvaða önnur ríki eiga aðild að þeim. Merktu inn á heimskort þær þjóðir sem Íslendingar eiga mest saman við að sælda og gerðu grein fyrir í gegnum hvaða samstarf þjóðirnar eiga samstarf.

### Tímaás

- Aflaðu þér upplýsinga um þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi og merktu inn á tímaásinn. Hægt er að miða við hvenær Íslendingar urðu þátttakendur í viðkomandi alþjóðastofnunum.

### Leikræn tjáning

- Nemendur setja upp leikþátt um hrunið. Þeir afla sér upplýsinga um helstu orsakir og afleiðingar. Mikilvægt er að þeir horfist í augu við brotalamir íslensks samfélag svo þeir átti sig á því í hvers kyns samfélagi þeir búa. Sjálfsagt er einnig að fjalla um hvað þurfi að gera til að bæta samfélagið. Um leið geta nemendur velt fyrir sér mikilvægi þess að hver borgari hugsi gagnrýnið og málefnalega um samfélagið svo heilbriggt lýðræði fái sem best þrífist.